



NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12  
415 Bolungarvík  
[nave@nave.is](mailto:nave@nave.is)

*Fornleifaskráning á  
deiliskipulagsreit í  
landi Syðstu-Markar  
í Rangárþingi*

Atli Rúnarsson  
Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

Maí 2024  
NV nr. 13-24

 <b>NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA</b>		<b>Dagsetning Mán/ár:</b> <b>Maí 2024</b>
<b>Skýrsla nr:</b> <b>13-24</b>	<b>Verknúmer:</b> <b>666</b>	<b>Dreifing:</b> <input type="checkbox"/> Opin
<b>Upplag: 1</b>	<b>Verkstig:</b>	<input type="checkbox"/> Lokuð til: <input checked="" type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
<b>Heiti skýrslu:</b> <b>Fornleifaskráning á</b> <b>deiliskipulagsreit í landi Syðstu-</b> <b>Mörk í Rangárþingi eystra</b>		<b>Unnið fyrir:</b> <b>Eignatorg Fasteignasala</b>
<b>Höfundur:</b> <b>Atli Rúnarsson</b> <b>Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir</b>		<b>Verkefnastjóri:</b> <b>Margrét Hrönn Hallmundsdóttir</b>
<b>ÚTDRÁTTUR</b> <b>Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í landi Syðstu-Mörk í Rangárþingi eystra</b>		
<b>Undirskrift verkefnastjóra:</b> <b>Margrét Hrönn Hallmundsdóttir</b>		<b>Yfirfarið af:</b>

**EFNISYFIRLIT**

1. INNGANGUR.....	3
2. AÐFERÐAFRÆÐI.....	3
<b>2.1 Tilgangur fornleifaskráninga.....</b>	<b>3</b>
<b>2.2 Skráning fornleifa.....</b>	<b>5</b>
3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ.....	5
<b>3.1 Saga Syðstu-Markar .....</b>	<b>5</b>
<b>3.2 Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis.....</b>	<b>8</b>
4. NIÐURSTÖÐUR .....	13
5. HEIMILDASKRÁ .....	14
6. KORT.....	15
.....	17
7. PUNKTASKRÁ .....	18

## 1. INNGANGUR

Að beiðni Björgvins Guðjónssonar hjá Eignartorgi Fasteingasölu gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifakönnun á deiliskipulagsreit í landi Syðstu Mörk í Rangárþingi eystra.

Skipulagssvæðið er alls 52,7 ha að stærð og er að stærstum hluta norðan og vestan Merkurvegur, og að litlum hluta norðan við bæjarstæðið í Syðstu Mörk og austan við Merkurveg.



Mynd 1. Staðsetning svæðis merkt inn á kort.

Markmið deiliskipulagsins er að móta ramma um íbúðabyggð í sveit. Þar er fyrirhugað að byggja 18 íbúðarhús með bílskúr ásamt því að leggja nýja vegi í gegnum svæðið að íbúðarhúsunum.

Svæðið var gengið og skráðar minjar voru mældar upp. Vettvangsvinna fór fram þann 8. maí 2024 og var unnin af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Atli Rúnarsson, fornleifafræðingar, sáu um skýrslugerð og Atli sá um kortagerð.

## 2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnakort, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hefur áður verið skráð og stuðst var að hluta við þá skráningu. Allir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

### 2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir fönngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

### Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

### Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma

vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

## 2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3252 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3252-001.

## 3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

### 3.1 Saga Syðstu-Markar

Í Brennu-Njáls sögu var sagt að „Kári reið nú vestur fyrir Seljalandsmúla og upp með Markarfljóti og svo upp í Þórsmörk. Þar eru þrír bæir er í Mörk heita allir.“<sup>1</sup> Matthíasi Þórðarsyni þótti ljóst að þarna hafi verið gerð villa í Njálu, enda höfðu aldrei verið þrír bæir í Þórsmörk, og að þarna hafi verið átt við bæina Syðstu-Mörk, Mið-Mörk og Stóru-Mörk.<sup>2</sup>

Minnst var á Syðstu-Mörk í máldaga Péturskirkju í Dal sem talinn er vera frá árinu 1332 og sagði að frá þeirri kirkju skyldi syngja tólf messur í Syðstu-Mörk,<sup>3</sup> bendir það til að á Syðstu-Mörk hafi verið fjórðungskirkja, þ.e. kirkja sem messað var í fjórða hvern helga dag.<sup>4</sup>

---

<sup>1</sup> Snerpa, án dags.

<sup>2</sup> Matthías Þórðarson, 1925, bls. 51

<sup>3</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 262

<sup>4</sup> Óbyggðanefnd, 2004, bls. 413

Minnst var á Syðstu-Mörk í skiptabréfi Eyjólfssonar í Dal frá 1558 þar sem Eyjólfur gaf Magnúsi, elsta syni sínum, hálfu jörðina.<sup>5</sup> Sagt var í Gíslamáldaga að kirkjan í Dal í Eyjafjöllum ætti hálfu Syðstu-Mörk.<sup>6</sup> Gísli Jónsson var biskup í Skálholti frá 1556-1587 og hefur að öllum líkindum látið gera máldagann í kringum 1570. Upprunalega handritið brann í eldinum í Skálholti árið 1630 svo farið var eftir uppskriftum og var ártalið því óvíst.<sup>7</sup>

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1709, var jarðardýrleiki Syðstu-Markar tuttugu hundruðir. Jörðin var að hálfu í eigu kirkjunnar í Stóradal og átti Sr. Arngrímur Pétursson hinn helminginn. Leigukúgildi jarðarinnar voru eitt og greiddist það í smjöri. Engar kvaðir höfðu verið greiddar af jörðinni í nýu ár þegar jarðabókin var skrifuð, fyrir utan að ábúandi hafði róað á skipi húsbónda fyrir bón og dagsláttur. Jörðin gat fóðrað á heyjum sex kýr. Heytorfs rista var notuð í Eyvindarholtslandi og fyrir það beittu ábúendur Eyvindarholts í Syðstu-Merkur landi. Á túnið f auk mold og mól í þurrkum og stórveðrum. Engjum var grandað af grjóts og moldarhlaupi úr fjallinu í leysingum og hagar voru stór spilltir af skriðum og uppblástri. Þegar jarðabókin var skrifuð var sagt að „*Jörðin sýnist framvegis liggja undir stórum spjöllum*“.<sup>8</sup>

Í jarðatali J. Johnsen frá 1847 var sagt að Syðsta-Mörk væri í hálfri eign Stóradalskirkju og að hinn helmingurinn væri í bændaeign. Dýrleikinn var tuttugu hundruðir, landskuldin 1.10, kúgildin 2 og einn leigandi bjó á jörðinni.<sup>9</sup>

Sigurður Vigfússon var á svæðinu árið 1885 og sagði að á milli Miðmerkur og Syðstumerkur væru sjáanleg forn og bein landamerki og að Syðsta-Mörk sýndist vera byggð úr Dalslandi.<sup>10</sup>

Í fasteignamati frá 1916 var sagt að beitalandið væri fremur lítið, það væri gott til sumarbeitar og að þar væri nokkur vetrarþétt en að smalamennska væri erfið.<sup>11</sup>

<sup>5</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 13. bindi, 1947-1950, bls. 323-327

<sup>6</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 670

<sup>7</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 545

<sup>8</sup> Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1913-1917, bls. 98-99

<sup>9</sup> J. Johnsen, 1847, bls. 27

<sup>10</sup> Sigurður Vigfússon, 1888, bls. 73-74

<sup>11</sup> Jón Guðmundsson, Júlíus Jónsson & Oddgeir Guðjónsson (ritstj.), 1985, bls. 192

Á túnakorti af Syðstu-Mörk frá 1918 var sagt að stærð túna hafi verið 7.8ha og að matjurtagarðar hafi verið 1080m<sup>2</sup>.<sup>12</sup>

---

<sup>12</sup> Túnakort. 1918. Syðsta-Mörk



### 3.2 Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis

**Númer:** 3252-001

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Staðsetning:** A: 455460.0 N: 350398.5

**Lengd:** 82m

**Breidd:** 2 – 3m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Tímabundið hættumat:** Engin hætta

**Tímabundin hættuorsök:**

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:** Á þýfðum hól um 520m NA við Syðstu-Mörk og um 90m N við læk. Hóllinn er við enda á sléttuðu túni austan við Merkurveg.


**Minjalýsing:** Garðlag úr torfi. Garðurinn er mjög siginn og gæti því verið þó nokkuð forn.

Augljós endi á garðinum í vesturenda hans en

hann hverfur inn í hólinn á austur enda. Mögulega sjást för eftir torfið sem var skorið til að hlaða garðinn beggja vegna við hann. Hann er um 82m langur þar sem hann er sjáanlegur og liggur nokkurnvegin austur-vestur. Veggjabreiddin er um 2-3m og veggjahæð er frá 0.2 – 0.5m.



Mynd 2. Horft í austur yfir garðlag 3252-001.



Mynd 3. Uppmæling af garðlagi 3252-001 og tóft 3252-002.

**Númer:** 3252-002

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 455477.4 N: 350380.8

**Lengd:** 6.3m

**Breidd:** 3.9m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Tímabundið hættumat:** Engin hætta

**Tímabundin hættuorsök:**


**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:** Tóftin er á sama þýfða hól og garðlag 3252-001, um 10m sunnan við austur enda þess.

**Minjalýsing:** Ílöng niðurgráfin tóft. Tóftin er grafin niður í sama hól og garðlag 3252-001. Það virðist hafa verið inngangur í vestur enda tóftarinnar. Tóftin er um 6x4m að utan máli en töluvert er hrunið inn í hana og því innra mál hennar óskýrt. Veggjahæð er frá 0.3 – 1m en veggjabreidd er að mestu ógreinanleg.



Mynd 4. Horft austur yfir tóft 3252-002.



Mynd 5. Uppmæling af tóft 3252-002.

**Númer:** 3252-003

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Girðing

**Staðsetning:** A: 454922.6 N: 350690.3

**Lengd:** 317m

**Breidd:** 0.3m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Tímabundið hættumat:** Engin hætta

**Tímabundin hættuorsök:**


**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:** Undirlagið af girðingunni liggur nokkurnvegin, þar sem það sést, meðfram landamerkjum Syðstu-Markar og Mið-Markar, en hluti af því beygir þó til suðurs um 35m austan við vestur enda girðingarinnar.

**Minjalýsing:** Girðingaleifar, smá upphækkun undan girðingunni. Ennþá gaddavír og stöku staurar á köflum. Staurarnir eru ýmist heilir eða búið að saga þá. Sjáanleg á um 320m kafla og liggur meðfram landamerkjum Syðstu-Markar og Mið-Markar, girðingin beygir þó til suðurs um 35m austan við vestur enda girðingarinnar og liggur í suður í um 75m. Upphækkunin er frá 0 - 0.2m há og um 0.3m breið.



Mynd 6. Horft austur eftir girðingu 3252-003.



Mynd 7. Uppmæling af girðingu 3252-003.

**Númer: 3252-004**

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 454178.9 N: 350726.7

**Lengd:** 8.7m

**Breidd:** 6.2m

**Ástand:** Vel greinanleg

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Tímabundið hættumat:** Mikil hætta

**Tímabundin hættuorsök:** Framkvæmdir


**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:** Í náttúrulegri dæld við túnenda, um 320m SA við Grástein (3252-005) og um 40m norðan við Hólalæk.

**Minjalýsing:** Beitarhúsatóft úr torfi með inngang í suður. Tóftin er hlaðin í náttúrulega dæld og nýtir hana í austur vegg sinn. Veggjahæð er frá 0.1 – 1m – austur hliðin er hærri – og veggjabreidd er að jafnaði um 0.7m. Hluti tóftarinnar er innan byggingarreits P á deiliskipulagssvæðinu og telst hún því í mikilli hættu vegna framkvæmda.



Mynd 8. Horft í norður yfir tóft 3252-004.



Mynd 9. Uppmæling af tóft 3252-004.

**Númer:** 3252-005

**Sérheiti:** Grásteinn

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Náttúruminjar

**Staðsetning:** A: 453972.5 N: 350980.6

**Lengd:** 2.1m

**Breidd:** 2m

**Ástand:** Heillegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Tímabundið hættumat:** Engin hætta

**Tímabundin hættuorsök:**

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:** Á hornmarki jarðanna Syðsta-Mörk, Mið-Mörk og Stóra-Mörk.

**Minjalýsing:** Grásteinn er landamerki jarðanna Syðsta-Mörk, Mið-Mörk og Stóra-Mörk. Búið er að bolta víra í steininn og girðing liggur yfir hann.

Í örnefnaskrá segir: „Á grasfit fyrir vestan Merkurhóla (1) er stór steinn, sem Grásteinn heitir. Í hann liggur hornmark Syðstu-Merkur að vestan.“<sup>13</sup>



Mynd 10. Horft í norð-vestur yfir Grástein 3252-005.

<sup>13</sup> Þórður Tómasson. (án árs). *Syðsta-Mörk*.

#### 4. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru fimm minjar skráðar á vettvangi og þar af telst ein tímabundið í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, tóft 3252-004, en hún nær inn á byggingarreit P á deiliskipulaginu. Aðrar minjar teljast ekki í hættu.

Ekki er víst hvort að girðing 3252-003 teljist til fornleifa en þó er svo komið að elstu gaddavírsgirðingar landsins eru farnar að slaka yfir 100 árin og teljast þá til fornleifa samkvæmt lögum um menningarminjar.

Garðlag 3252-001 og tóft 3252-002 eru þær minjar sem virðast, útlitslega séð af yfirborði, vera elstar minja á svæðinu. Engar heimildir finnast um þessar minjar en þær eru vel signar og þýfðar og bera það með sér að vera fornar. Þær eru þó inni á svæði sem er merkt vistkerfi með hátt verndargildi á deiliskipulaginu og er ekki líklegt að þær verði fyrir hnjaski.

Vert er að benda á að ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við framkvæmdir **ber að stöðva framkvæmdir samstundis og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands** sem mun þá meta fundinn og taka ákvörðun með framhaldið.

## 5. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1913-1917). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 1. bindi. Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla*. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

*Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 1-16. bindi.* (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Jón Guðmundsson, Júlíus Jónsson & Oddgeir Guðjónsson (ritstj.). (1985). *Sunnlenskar byggðir IV*. Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands.

Matthías Þórðarson. (1925). Dys við Kápu hjá Þórsmörk. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 49-51.

Óbyggðanefnd. (2004). *Úrskuður Óbyggðanefndar. Mál nr. 5/2003 Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra*. Reykjavík: Óbyggðanefnd.

Sigurður Vigfússon. (1888). Rannsóknir sögustaða sem gerðar voru 1885 í Rangárþingi og í Skaftafellsþingi vestanverðu. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 62-75.

*Snerpa*. (án dags.). Sótt frá Brennu-Njáls Saga: <https://www.snerpa.is/net/isl/njala.htm>

### Óútgefnar heimildir

#### Örnefnastofnun, Þjóðminjasafn Íslands

Þórður Tómasson. (án árs). *Syðsta-Mörk*. Reykjavík: Örnefnastofnun.

#### Túnakort

Túnakort. (1918). *Syðsta-Mörk*.

#### Heimildamenn


Björgvin Guðjónsson ábúandi á Syðstu-Mörk

## 6. KORT



### Skýringar

- Staðsetning fornminja
- Mælingar - flákar
- Mörk skipulagssvæðis




Yfirlitskort yfir skráðar minjar í landi Syðstu-Markar  
Mælikvarði 1:6000  
Dags. 27.5.2024  
Kort 1  
Náttúrustofa Vestfjarða  
Atli Rúnarsson





### Skýringar

- Staðsetning fornminja
- Mælingar - flákar
- Mörk skipulagssvæðis



Uppmæling garðlags 3252-001 og tóftar 3252-002  
 Mælikvarði 1:500  
 Dags. 27.5.2024  
 Kort 2  
 Náttúrustofa Vestfjarða  
 Atli Rúnarsson



### Skýringar

- Staðsetning fornminja
- Mælingar - flákar
- Byggingarreitir



Tóft 3252-004 innan byggingarreits P á deiliskipulaginu  
Mælikvarði 1:200  
Dags. 27.5.2024  
Kort 3  
Náttúrustofa Vestfjarða  
Atli Rúnarsson

## 7. PUNKTASKRÁ

Auðkenni	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Eastings	Northings
3252-001		garðlag	óþekkt	vel greinanlegar	engin hætta	455460.0	350398.5
3252-002		tóft	óþekkt	vel greinanlegar	engin hætta	455477.4	350380.8
3252-003		girðing	landamerki	vel greinanlegar	engin hætta	454922.6	350690.3
3252-004		tóft	beitarhús	vel greinanlegar	vegna framkvæmda	454178.9	350726.7
3252-005	Grásteinn	náttúruminjar	landamerki	heillegar	engin hætta	453972.5	350980.6